

Árið 1993, föstudaginn 12. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Þorsteini Júlíussyni, Guðrúnu Zoëga, Hólmfriði Árnadóttur, Jóni Sveinssyni og Magnúsi Óskarssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákvarða launakjör dómara, þ.e. hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 2. gr. laga nr. 120 31. desember 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

I.

Hinn 11. janúar 1993 tóku gildi lög nr. 120 31. desember 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna skyldi skipa í Kjaradóm strax eftir gildistöku þeirra og skipun dómenda samkvæmt fyrri lögum falla niður frá sama tíma. Í samræmi við ákvæðið var skipað í Kjaradóm í byrjun árs 1993.

Með hinum nýju lögum er verulega fækkað þeim aðilum sem Kjaradómur ákveður laun. Þeir eru nú tæmandi taldir í 2. gr. laganna, en þeirra á meðal eru hæstaréttardómarar og héraðsdómarar.

Meginreglur þær sem Kjaradómi ber að hafa í huga, þegar hann ákveður starfskjör þeirra aðila, sem honum ber að ákvarða, er að finna í tveimur málslíðum 5. gr. laganna. Í fyrri málslíð er kveðið svo á, að Kjaradómur skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Í síðari málslíð 5. gr. segir síðan: "Ennfremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði".

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi að lögunum þegar það var lagt fram á Alþingi, er að finna svofelldar skýringar við síðari málslíð 5. gr.:

"Viðurkennt er það markmið að treysta þurfi stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar og gildi hóflegra launahækkana í því sambandi. Afar brýnt er að varðveita þann stöðugleika og samstöðu um hann, sem næst á vinnumarkaði á hverjum tíma. Því þykir rétt að setja ákvæði það sem tilgreint er í 2. málslíð um að taka beri tillit til þeirrar þróunar sem er í kjaramálum á vinnumarkaði, þannig að ekki sé hætt á að úrskurðir Kjaradóms raski kjarasamningum þorra launafólks og stefni þannig stöðugleika í efnahagslífinu í hættu. Jafnframt felur ákvæðið í sér að Kjaradómi ber, standi þannig á, að taka tillit til launa- og kjarabreytinga á vinnumarkaði sem stafa af batnandi afkomu þjóðarbúsins, þó svo breytingarnar eigi sér ekki stoð í kjarasamningum. Kjaradómi ber þannig að hafa hliðsjón af launastefnu á vinnumarkaðnum en ekki móta hana".

Ákvæði síðari málsliðar 5. gr. má rekja til bráðabirgðalaga nr. 66 3. júlí 1992 um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986. Frá setningu bráðabirgðalaganna hefur engin sú þróun kjaramála á vinnumarkaði orðið sem sérstaklega réttlætir hækkun launa.

Dómarafélag Íslands hefur með bréfum dags. 7. apríl og 6. maí 1993 farið þess á leit að Kjaradómur taki launakjör dómara til endurskoðunar. Með gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði hinn 1. júlí 1992 varð veruleg breyting á dómstólaskipaninni og eru eftir breytinguna gerðar auknar kröfur til dómara m.a. með því að augin áhersla er lögð á að málsmeðferð verði sem styst.

Fyrir liggja upplýsingar um stórukinn fjölda mála í Hæstarétti Íslands á því tímabili sem hér skiptir máli. Árið 1990 voru afgreidd og dæmd í Hæstarétti Íslands 275 mál, árið 1991 alls 331 mál en á liðnu ári 412 mál. Á þessu ári hinn 1. júlí hafði rétturinn þegar dæmt og afgreitt 249 mál og ekki horfir til fækkunar enda bíða hundruð mála úrlausnar. Óhjákvæmileg afleiðing þessa er mjög aukið vinnuframlag dómara réttarins.

Kjaradómur hefur aflað sér gagna sem sýna að afköst héraðsdómara hafa aukist verulega eftir dómstólabreytinguna, en ljóst er að sú afkastaaukning hefur ekki orðið nema fyrir aukið vinnuframlag dómara. Nefna má að héraðsdómurum fækkaði úr alls 68 í 38 við dómstólabreytinguna. Í Reykjavík urðu dómarar 21 en höfðu áður verið 26. Til að afla sem ítarlegasta upplýsinga um kjaramál dómara hefur Kjaradómur kallað fyrir sig fulltrúa Hæstaréttar Íslands, Dómarafélags Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Í 13. gr. laga nr. 120/1992 er kveðið svo á, að Kjaradómur skuli ætíð taka mál til meðferðar ef verulegar breytingar hafa orðið á störfum þeirra sem úrskurðarvald dómsins tekur til. Ljóst er að stórukinn málafjöldi í Hæstarétti Íslands hefur verulega aukið vinnuframlag dómara réttarins. Þá hefur umtalsverð breyting orðið á starfsháttum öllum hjá héraðsdómstólum landsins eftir breytinguna á dómstólaskipaninni, sem haft hefur í för með sér aukið starfsálag á héraðsdómara.

Samkvæmt 1. málsgrein 6. gr. laga nr. 120/1992 skal Kjaradómur ákvarða föst laun þeirra sem honum er falið að fjalla um fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja. Í 2. málsgrein 6. gr. segir að Kjaradómur skuli við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Í gögnum sem fylgdu frumvarpi því, sem varð að þessum lögum er að finna frekari skýringar á þessum ákvæðum. Um aðgreiningu launa fyrir dagvinnu og önnur laun segja höfundar frumvarps að lögunum m.a. í umsögn til Alþingis: "Breytileiki í vinnutíma, starfsskyldum o.fl. yrði metinn sérstaklega".

II.

Með hliðsjón af þeim ákvæðum laga sem Kjaradómi ber að fara eftir og með tilliti til sérstakra kjara, svo sem lífeyrisréttinda, telur Kjaradómur ekki efni til þess að hækka laun hæstaréttardómara vegna dagvinnu. Ekki eru heldur efni til að hækka dagvinnulaun héraðsdómara eins og á stendur. Kjaradómi ber hins vegar að taka afstöðu til þess hvort vinnutími hæstaréttardómara og héraðsdómara hafi breyst þannig að meta beri það sérstaklega. Kjaradómur telur skylt í ljósi þess sem rakið er hér að framan að meta og ákvarða greiðslu fyrir lengri vinnutíma en unnin var, þegar grundvöllur að heildarlaunum hæstaréttardómara og héraðsdómara var síðast lagður.

Fram hefur komið að dómarar Hæstaréttar Íslands hafa frá 1. september 1992 fengið greiddar til viðbótar föstum launum 48 yfirvinnustundir á mánuði í 10 mánuði á ári vegna aukins vinnuálags. Upplýst er jafnframt að héraðsdómarar njóta í dag yfirvinnugreiðslna frá ríkissjóði. Auk fastra launa fá 30 dómarar 20 klukkustundir greiddar á mánuði fyrir yfirvinnu. Dómstjórar og héraðsdómarar sem starfa einir, alls 8 dómarar, fá hins vegar 40 klukkustundir greiddar á mánuði fyrir yfirvinnu.

Það aukna vinnuframlag hæstaréttardómara og héraðsdómara, sem af framangreindu leiðir, ber Kjaradómi að ákvarða. Fyrir það ber að greiða dómurum sérstaklega til viðbótar föstum launum. Þykir rétt að sú greiðsla jafnist á alla mánuði ársins.

Með vísan til alls þess, sem hér að framan er rakið, svo og til ákvæða laga nr. 120/1992 að öðru leyti, hefur Kjaradómur ákveðið að dómarar skuli til viðbótar föstum launum njóta sérstakra launa fyrir alla yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma frá 1. desember 1993, svo sem hér segir:

1.

Forseta Hæstaréttar Íslands skal auk fastra launa greiða 42 klukkustundir á mánuði fyrir alla yfirvinnu og aukið álag.

2.

Öðrum dómurum við Hæstarétt Íslands skal auk fastra launa greiða 37 klukkustundir á mánuði fyrir alla yfirvinnu og aukið álag.

3.

Dómstjórum og héraðsdómurum sem starfa einir skal auk fastra launa greiða 47 klukkustundir á mánuði fyrir alla yfirvinnu og aukið álag.

4.

Öðrum héraðsdómurum skal auk fastra launa greiða 32 klukkustundir á mánuði fyrir alla yfirvinnu og aukið álag.

5.

Tímakaup dómara fyrir yfirvinnu og aukið álag skal vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.

6.

Gegni héraðsdómari gæsluvöktum skal miða laun fyrir þær við launaflokk hans.

7.

Um orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarsamningi BHMR og ríkisins. Um orlofssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.


8.


Um önnur launakjör dómara skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar.


Þorsteinn Júlíusson
formaður


Guðrún Zoëga


Hólmfríður Arnadóttir


Jón Sveinsson


Magnús Óskarsson